

Sent til Mbl.is: 8.10.2019
Birt í Mbl: 31.10.2019
Skúli Jóhannsson
Email: skuli@veldi.is
Website: www.veldi.is

Bíðum með þjóðarsjóð og auðlindagjald, alla vega í bili. Ef afgangur verður á rekstri Landsvirkjunar, greiðum þá niður lán og veitum arði í ríkissjóð.

Bonneville Power og Landsvirkjun

Til þessara tveggja fyrirtækja var stofnað á sams konar grundvelli, annars í Bandaríkjunum 1937 og hins á Íslandi 1965. Grundvöllurinn var að reisa vatnsaflsvirkjanir og seldu raforku á kostnaðarverði til almennings, samkvæmt gjaldskrá. Fyrirtækin áttu sjálf flutningsvirkin, sem fluttu raforku á áfangastað.

Eftir að samkeppni hóf innreið sína á markaðinn á níunda áratugi síðustu aldar hefur fokið í ýmis skjól hjá þessum fyrirtækjum. Með íslensku raforkulögunum 2003 var sú ráðstöfun gerð að færa flutningskerfi Landsvirkjunar í sérstakt fyrirtæki, Landsnet, en Bonneville á og rekur enn sitt eigið flutningskerfi.

Áhugavert er að bera þessi tvö fyrirtæki saman, en þau starfa hvort í sínu umhverfi við aðstæður sem þar gilda.

Bonneville Power

Bonneville Power er raforkuframleiðandi í Norðvesturríkjum Bandaríkjanna og er í ríkiseigu. Fyrirtækið á 31 vatnsaflsvirkjun á vatnasviði Columbia fljótsins. Samanlagt uppsett afl er 22.458 MW og nýting aflsins til raforkuframleiðslu aðeins 39%.

Árið 2018 voru skuldir Bonneville Power 15.000 MUSD og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði 678 MUSD. Skuldin var því 22 sinnum hærri en árhagnaður. Auk reksturs virkjana stundar fyrirtækið flutninga á eigin raforku. Almennt má segja að fyrirtækið selji vatnsorku á verðinu 36 USD/MWh sem þarf að keppa við sólar- og vindorku frá Kaliforníu og víðar á verði frá 22 USD/MWh.

Helsti útgjaldaliður er rekstur og viðhald, en elstu hlutar kerfisins eru orðnir 82 ára. Þ.á.m. er gríðarlegur kostnaður við að vernda og byggja upp laxastofna á vatnasviðinu. Þessi kostnaðarsama viðleitni, sem staðið hefur í fjöldamörg ár, hefur enn ekki skilað neinum marktækum árangri.

Margir raforkusamningar fyrirtækisins renna út árið 2028, en búast má við að verðsamkeppni muni aukast á næstunni og ekki víst að fyrirtækinu takist að semja áfram við núverandi viðskiptavinum. Flest matsfyrirtæki meta nú Bonneville Power með neikvæðar horfur.

Landsvirkjun

Landsvirkjun er raforkusali í eigu íslenska ríkisins. Fyrirtækið á lang flestar vatnsaflsvirkjanir á Íslandi, þar á meðal allar þær stærstu. Samanlagt uppsett afl fyrirtækisins er 2.145 MW og nýting þess til raforkuframleiðslu 79%, sem er miklu hærri en hjá Bonneville Power.

Árið 2018 voru skuldir Landsvirkjanir 2.259 MUSD og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði 144 MUSD. Skuldin var því 16 sinnum hærri en hagnaðurinn. Stærsti hluti starfseminnar er bygging og rekstur

virkjana en með raforkulögum 2003 var flutningskerfið fært í nýtt fyrirtæki, Landsnet. Meðalverð til stóriðju var 28,30 USD/MWh.

Helstu útgjaldaliðir eru rekstur, viðhald og bygging nýrra virkjana sem að miklu leyti hefur verið fjármögnuð úr rekstri.

Núverandi samningar um raforkusölu til stórnotenda munu á endanum renna út. Álverið í Straumsvík er komið á aldur. Árið 2010 var gerður nýr samningur milli Landsvirkjunar og álversins, sem gildir til 2036. Hann er ekki opinbert plagg en ætla má að álverið hafi gert einhver mistök við gerð hans, því hann er þeim svo óhagstæður.

Samanburður á Bonneville Power og Landsvirkjun

Samkvæmt því, sem fram kemur hér á undan, er hlutfallslegur mismunur fyrirtækjanna bitamunur en ekki fjár.

Umræða er nú í gangi í Bandaríkjunum um hvort Bonneville Power sé að verða gjaldþrota. Rekstrarerfiðleikar eigi bara eftir að versna aðallega vegna verðsamkeppni við ódýra sólar- og vindorku. Fjórir forsetar Bandaríkjanna á síðustu áratugum hafa haft skoðun á málinu og látið kanna möguleika á hagræðingu. Ronald Reagan lagði til að selja hinn almenna markaðshluta til að minnka skuldir ríkisins, Bill Clinton vildi selja allt allt fyrirtækið, George W Bush vildi hækka gjaldskrár kannski án þess að hugsa dæmið til enda og Donald Trump hefur lagt til að selja sérstaklega flutningskerfi fyrirtækisins. Ekkert af þessu hefur þó náð fram að ganga.

Hins vegar eru menn á Íslandi svo ánægðir með stöðuna hjá Landsvirkjun að þeir hafa lagt til að stofnaður verði þjóðarsjóður að hætti olíusjóðs Norðmanna. Fjármálaráðherra hefur vitaskuld tekið þessu vel og lagt fram lagafrumvarp um sjóðinn. Verður málið tekið fyrir á Alþingi á næstu mánuðum. Sjóður, þar sem afrakstur af vatnsorkuverum er færður í þjóðarsjóð, þekkist hvergi í heiminum í dag. Starfandi sjóðir snúast nánast eingöngu um ráðstöfun hagnaðar af sölu á óendurnýjanlegum orkugjöfum, aðallega olíu.

Í framhaldi af þessu mætti álykta að sá þjóðarsjóður, sem nú er í undirbúningi hér á Íslandi, væri kannski ekki allt of góð hugmynd.

Eitt eiga Bonneville Power og Landsvirkjun þó sameiginlegt. Þau greiða hvorugt sérstakt auðlindagjald vegna nýtingar á endurnýjanlegu rennsli vatnsfalla. Hef ég ekki heyrt á það minnst í skrifum um Bonneville Power, en hér á landi eru menn að fara af límingunni út af nauðsyn þess að Landsvirkjun greiði auðlindagjald til sín sjálfs en fyrirtækið er í ríkiseigu eins og áður kom fram.

Sinn er síður í landi hverju.

Niðurstaða

Bíðum með þjóðarsjóð og auðlindagjald, alla vega í bili. Ef afgangur verður á rekstri Landsvirkjunar, greiðum þá niður lán og veitum arði í ríkissjóð.